

FÉLA2SG05

Búið til: Thu, 05 Oct 2023 12:46:25 GMT

Titill

Samfélagsáhrif gervigreindar

Skammstöfun

FÉLA2SG05

Útgáfunúmer

56

Námsgrein

félagsfræði

Viðfangsefni

samfélagsáhrif gervigreindar

Staða

Samþykkt af skóla

Þrep

2

Einingafjöldi

5

Tillaga að bókstöfum/tölustöfum skóla

Lýsing

Í þessum áfanga er lögð áhersla á að nemendur skoði gervigreind markvisst, með tilliti til möguleika og gagnsemi hennar í samfélaginu, til dæmis í námi og atvinnulífi. Farið er yfir styrkleika og veikleika gervigreindar. Einnig er farið yfir siðferðileg álitamál sem tengjast þessu. Lögð er áhersla á að nemendur temji sér gagnrýna hugsun, öguð vinnubrögð, siðferðileg viðmið, sjálfstæði og frumkvæði.

Forkröfur

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- stöðu gervigreindarinnar
- notkunarsviðum gervigreindar
- möguleikum gervigreindar
- veikleikum gervigreindar
- ógnunum sem geta stafað af notkun gervigreindar

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- vinna með samskipti við gervigreind
- greina áreiðanleika upplýsinga
- koma auga á möguleika á notkun gervigreindar
- vinna sjálfstætt

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- meta áreiðanleika upplýsinga
- greina tækifæri til notkunar
- geta notað gervigreind á ábyrgan, öruggan og uppbyggjandi hátt
- vera betur undirbúinn fyrir áframhaldandi nám
- greina áhrif gervigreindar á líf og starf í lýðræðislegu samfélagi

Námsmat

Í áfanganum er viðhaft leiðsagnarmat með símati alla önnina. Öll verkefni gilda til einkunnar og þess vegna er það mikilvægt að nemendur stundi námið reglulega.

Skólar**Fyrirmynd**